

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Viðskiptaháskólans á Bifröst, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Breytingin felst í nýjum byggingarreit fyrir nemendagarða, breyttri aðkomu varðandi bílastæði, sett inn byggingasvæði fyrir kennslu, þjónustu og rannsóknarhúsnæði, vegur að borholu mjókkadur og skilgreint athafnasvæði í kringum hana.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesj, 2. janúar 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

AUGLÝSING

um óverulega deiliskipulagsbreytingu í Hrunamannahreppi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hofatúns á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 3. desember 2003 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hofatúns á Flúðum. Við grenndarkynningu samþykktu lóðarhafar í Hofatúni breytinguna fyrir sitt leyti með áritun á uppdrátt.

Deiliskipulagsbreytingin nær til Miðhofs 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13 og Suðurhofs 5 og 7. Húsgerð P-1+ við Miðhof fellur burt úr deiliskipulaginu og ný húsgerð P-1a kemur í staðinn. Raðhús R-1 við Miðhof breytist í parhús P-1a. Einnig breytast parhús við Miðhof 1 og 3 og við Suðurhof 5 og 7 úr parhúsi P-1 í parhús P-1a. Lítilsháttar breytingar verða innbyrðis á lóðamörkum ofantalinna lóða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. janúar 2004.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.